



Janúar 2020

isländisch

Far þú í friði!

(Lk 7,50)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Opna hjarta þitt!
Open your heart!

Kæru vinir orðsins!

Ég hafði þekkt hana í mörg ár og mat hana mikils. Hún hafði ákveðið að ganga í hjónaband. Aftur og aftur hafði ég séð ástina á milli hennar og kærastans, hreinan og heiðarlegan kærleika. Nú var brúðkaupið að nálgast. Nokkrum dögum fyrir athöfnina hringdi ég í hana. „Má ég deila reynslu minni með þér?“ spurði hún. Og sagði síðan: „Frá því í byrjun þessarar viku er svo mikið myrkur í mér. Það hafa verið miklar deilur í fjölskyldu minni og einnig við kærasta minn. Það hefur aldrei gerst áður. Ég veit ekki af hverju þetta er svona núna. Eitthvert eyðileggjandi afl er þarna að verki! Það er ekki lengur friður í hjarta mínu.“

Í nokkrar mínútur ræddum við hvort við annað. Svo sagði ég við hana: „Veist þú, Mihaela, þegar Guð vill gera mikla hluti, þá eru alltaf einhver öfl sem vilja koma í veg fyrir það. Fyrst þú finnur svona fyrir myrkrinu núna, rétt fyrir brúðkaupið, þá er það, þegar allt kemur til alls, merki um að þú ert á réttri leið!“ Í lok samtalsins heyrði ég: „Ó, nú er hjarta mitt fullt af friði!“ Og þetta var yndislegt brúðkaup.

Rétt eins og óþekkta konan synduga í frásögninni úr Lúkasarguðspjalli, hafði Jesús opnað hjarta hennar og hún gefið honum sjálfa sig og heyrte Jesú svara: „Far þú í friði!“, því að Mihaela hafði opnað hjarta sitt. Í vernduðu umhverfi hafði hún getað sagt allt sem íþyngdi henni og snerti hana. Það hafði hjálpað henni að finna aftur frið í hjarta sínu.

Þið munuð finna frið við sjálf ykkur ef þið látið ekki neikvæðar og eyðileggjandi hugsanir og tilfinningar ná valdi yfir ykkur. Gefið ykkur stund við og við í þögn. Hlustið á það sem er að gerast innra með ykkur. Segið það og gefið það Guði. Og ef ykkur líkar það skuluð þið segja einhverjum sem þið treystið frá því. Til þess að öðlast frið skaltu: **Opna hjarta þitt! – Open your heart!**

fyrir OnWordTeam

Meinolf Wacker